

sjóðsins, svo og athugað bækur sjóðsins, útlán, verðbréf og bankainnistæður og ekkert fundið athugavert.

Reykjavík, 6. mars 1980.

Atli Freyr Guðmundsson. *Jafet S. Ólafsson.*

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda Íðnlánasjóðs, samþykkir stjórn reikningana.

Reykjavík, 14. mars 1980.

Gunnar S. Björnsson. **Ingi R. Helgason.** **Valur Valsson.**

Nr. 306.

25. apríl 1980.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Skógræktarsjóð Theódórs Johnson“, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1980.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „Skógræktarsjóð Theódórs Johnson“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Skógræktarsjóður Theódórs Johnson“. Hann er eign Skógræktar ríkisins.

2. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skógræktarstjóri ríkisins, formaður, forstöðumaður rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins og skógarvörðurinn að Hallormsstað.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins eru þær eignir, sem ánafnaðar voru af Theódór Johnson, hóteltjóra, Reykjavík, með erfðaskrá hans dags. 25. mars 1965. Samkvæmt yfirliti, sem er fylgiskjal með skipulagsskrá þessari, nema þær kr. 22 537 515.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast um vörslu hans og ávöxtun. Árlega skal leggja $\frac{1}{3}$ hluta árstekna sjóðsins við höfuðstól hans og höfuðstólinn má aldrei skerða.

5. gr.

Þeim tekjum, sem ekki skal leggja við höfuðstól skv. 4. gr., skal varið til að koma upp og reka trjásafn, „arboretum“, að Hallormsstað.

6. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður árlega fjárveitingar úr sjóðnum og skal það gert á afmælisdegi Theódórs Johnson, 22. janúar.

7. gr.

Gera skal reikninga sjóðsins ár hvert. Skulu þeir endurskoðaðir og birtir eftir þeim reglum, sem gilda um opinbera sjóði.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.